

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 491/1996 um innheimtu og skil á meðlögum
o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Á eftir 20. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, svohljóðandi:

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra fer með þau verkefni sem sýslumanni eru falin í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. júní 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Hermann Sæmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.